



Nefndarálit forsætisnefndar um

Þingmannatillögu um fjármögnun björgunarviðbúnaðar á norðurslóðum

1. Tillaga forsætisnefndar

Fejl! Henvisningskilde ikke fundet. Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að norrænu fjármálaráðherrarnir (MR-FINANS) skipi starfshóp til að leita hugsanlegra leiða til fjármögnunar útgjalda við eftirlit, leitar- og björgunarstarf vegna samkomulags aðildarríkja Norðurskautsráðsins um samstarf um leit og björgun á norðurslóðum

að ein af þeim leiðum sem starfshópurinn kanni sé að samræma gjaldtöku á skemmtiferðaskip á Norðurlöndum og nota hluta þeirra til að mæta útgjöldunum

að norrænu fjármálaráðherrarnir geri grein fyrir niðurstöðum starfshópsins á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki 2012

2. Baggrund

Arktisk Råd vedtog i maj 2011 en såkaldt Search and Rescue aftale, der skal øge beredskabet i Arktis. Men der må mere til, især i forhold til forebyggelse af ulykker, mener Nordisk Råd, der allerede på sessionen i København i november 2011 vedtog en række rekommandationer, der opfordrer de nordiske regeringer til at igangsætte konkrete tiltag for at øge sikkerheden både for miljø og mennesker i Arktis. Nordisk Råd ønsker et fælles beredskab for overvågning af farvandene i Arktis og vil også opgradere samarbejdet om forebyggelse af ulykker i det høje nord. Nordisk stordrift giver god mening på en række områder, ikke mindst når det kommer til dyre indkøb og driftsopgaver på grænseoverskridende områder som søfartssikkerhed. Nordisk Råd vedtog derfor en række anbefalinger til de nordiske regeringer omkring Arktis, herunder etablering af en fælles indsatsenhed i de arktiske farvande.

3. Høring

Forslaget har ikke været i egentlig høring, men allerede under debatten på Nordisk Råds session i København i november 2011 blev der foreslået fokus på finansiering af udgifter til overvågning, eftersøgning og redning i Arktis.

1549/præsidi

Lagt fram af:
Forsætisnefnd

4. Sjónarmið forsætisnefndar

Á fundi sínum í Osló í janúar 2012 var forsætisnefnd Norðurlandaráðs sammála um að þörf væri á úttekt á leiðum til að fjármagna vaxandi eftirlit og björgunarviðbúnað á norðurskautssvæðinu. Tillaga frá sendinefnd Íslands í Norðurlandaráði um fjármögnun björgunarviðbúnaðar fylgir eftir tilmælum um siglingaöryggi á norðurhöfum sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember 2011. Íslenska tillagan hlaut góðar undirtektir.

Fylgiskjal:
þingmannatillaga

J.nr. 12-00031-6

Siglingum skemmtiferðaskipa um norðurhöf hefur fjölgað til muna og samfara bráðnun jökla munu þær aukast enn frekar. Því er ástæða til að skoða hvort ekki sé rétt að útgerðarfyrirtækin taki þátt í að greiða fyrir eigið öryggi.

5. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur forsætisnefndin til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að norrænu fjármálaráðherrarnir (MR-FINANS) skipi starfshóp til að leita hugsanlegra leiða til fjármögnunar útgjalda við eftirlit, leitar- og björgunarstarf vegna samkomulags aðildarríkja Norðurskautsráðsins um samstarf um leit og björgun á norðurslóðum

að ein af þeim leiðum sem starfshópurinn kanni sé að samræma gjaldtöku á skemmtiferðaskip á Norðurlöndum og nota hluta þeirra til að mæta útgjöldunum

að norrænu fjármálaráðherrarnir geri grein fyrir niðurstöðum starfshópsins á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki 2012

Reykjavík, 22. mars 2012

Bendiks H. Arnesen (A)
Bertel Haarder (V)
Christer Winbäck (FP)
Cristina Husmark Pehrsson (M)
Helgi Hjörvar (A)
Karin Gaardsted (S)

Kimmo Sasi (saml), formaður
Karin Åström (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Rigmor Andersen Eide (KrF)
Silvia Modig (vänst), varaformaður
Simo Rundgren (cent)

Þingmannatillaga um fjármögnun björgunarviðbúnaðar á norðurslóðum

Aukið eftirlit og aukinn björgunarviðbúnaður á norðurslóðum er aðkallandi verkefni.

Í Stoltenberg-skýrslunni frá 2009 kemur fram að aukin skipaumferð um norðurslóðir feli í sér krefjandi viðfangsefni, meðal annars vegna þess að leitar- og björgunarkerfi á þessu svæði séu mjög takmörkuð. Í skýrslunni er lagt til, í tillögum 3 og 4, að komið verði á norrænu fyrirkomulagi eftirlits og viðvarana á norrænu hafssvæðunum, og að stofnuð verði norræn viðbragðssveit á sjó sem samanstandi af einingum frá strandgæslu og björgunarþjónustu norrænu landanna.

Í samkomulagi aðildarríkja Norðurskautsráðsins um samstarf um leit og björgun á norðurslóðum í lofti og á sjó frá 2011 er kveðið á um í 7. grein að við háska geti aðilar samkomulagsins óskað aðstoðar annara aðila samkomulagsins og í 9. grein að aðilar samkomulagsins skuli leita samstarfs um atriði tengd leit og björgun.

Norðurlandaráð hefur í málaflokknum beint tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda, annars vegar um eftl norrænt samstarf um samfélagsöryggi, tilmæli 13/2010, og hins vegar um aukið siglingaöryggi og umhverfisvernd á norðurslóðum, tilmæli 18/2011.

Í nefndaráli umhverfis- og náttúruauðlindanefndar með tilmælum Norðurlandaráðs 18/2011 er meðal annars fjallað um mikinn kostnað sem fylgi því að auka eftirlit og viðbúnað á norðurslóðum. Auknar siglingar auki ekki endilega tekjur þeirra sem annast eftirlit og viðbúnað og því geti verið þörf á að auka alþjóðlegt samstarf og fjármögnun til að tryggja björgunarviðbúnað.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs telur mikilvægt að Norðurlöndin, sem séu 5 af 8 aðildarríkjum Norðurskautsráðsins, starfi saman að fjármögnun aukins eftirlits og björgunarviðbúnaðar á norðurslóðum. Hún telur einnig

tímabært að Norðurlöndin stigi nú þegar skref í sameiningu til að svo megi verða. Það geti verið erfitt fyrir hvert og eitt land að grípa til aðgerða til að tryggja fjármögnun ef það geti leitt til þess að skipaumferð færðist meira inn í lögsögu hinna landanna.

Norðurlandaráð

Byggt á ofangreindu leggur Íslandsdeild Norðurlandaráðs því til að

1549/præsídiet

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

Lagt fram af:
Forsætisnefnd

að norrænu fjármálaráðherrarnir (MR-FINANS) skipi starfshóp til að leita hugsanlegra leiða til fjármögnunar útgjalda við eftirlit, leitar- og björgunarstarf vegna samkomulags aðildarríkja Norðurskautsráðsins um samstarf um leit og björgun á norðurslóðum

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

J.nr. 12-00031-6

að ein af þeim leiðum sem starfshópurinn kanni sé að samræma gjaldtöku á skemmtiferðaskip á Norðurlöndum og nota hluta þeirra til að mæta útgjöldunum

að norrænu fjármálaráðherrarnir geri grein fyrir niðurstöðum starfshópsins á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki 2012

Ósló 24. janúar 2012

Álfheiður Ingadóttir (VG)
Árni Þór Sigurðsson (VG)
Bjarni Benediktsson (Sj.)

Helgi Hjörvar, formand (A)
Lúðvík Geirsson (A)
Siv Friðleifsdóttir (F)